

**ÁKVÖRDUN nr. 186****2005/EES/49/18****frá 27. júní 2002****um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 101) (\*)**

(2003/149/EB)

**FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,**

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja <sup>(1)</sup> en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 <sup>(2)</sup> en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa fyrirmyndir að vottorðum, staðfestum yfirlýsingum, tilkynningum, umsóknum og öðrum skjölum sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 172 frá 9. desember 1998 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 101) <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðlaga ber eyðublað E 101 þannig að þar til bær stofnun votti hvaða löggjöf skuli gilda um launþega hjá fyrirtækjum í millilandaflutningum.
- 2) VI. viðauki við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992, sem breytt var með bókun frá 17. mars 1993, er til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 3) Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar skal fyrirmyndum að eyðublöðunum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, breytt og þær notaðar á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 4) Til hagræðingar skulu notuð eins eyðublöð í Bandalaginu og á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 5) Í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 15 var ákveðið á hvaða tungumáli eyðublöðin skyldu útbúin.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

1. Meðfylgjandi fyrirmynd skal koma í stað fyrirmyndarinnar að eyðublaði E 101 sem er að finna í ákvörðun nr. 172.
2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmaetum umsækjendum, stofnunum, vinnuveitendum o.s.frv.) eyðublöðin í té í samræmi við meðfylgjandi fyrirmyndir að þeim.
3. Eyðublaðið skal vera fáanlegt á opinberum tungumálum Bandalagsins og þannig úr garði gert að mismunandi útgáfur hafi nákvæmlega sama útlit, þannig að hver sá aðili, einstaklingur eða stofnun, sem á að fá eyðublað (lögmaetur umsækjandi, stofnun, vinnuveitandi o.s.frv.), geti fengið það prentað á sínu eigin tungumáli.
4. Ákvörðun þessi tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*Formaður framkvæmdaráðsins.*

Carlos GARCÍA DE CORTÁZAR Y NEBREA

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 55, 1.3.2003, bls. 80. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2003 frá 26. september 2003 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 18.12.2003, bls. 18

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 143, 8.6.1999, bls. 13.

VOTTORÐ UM HVADA LÖGGJÖF SKULI GILDA

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71: gr. 13.2.d; gr. 14.1.a; gr. 14.2.a; gr. 14.2.b; gr. 14.a.1.(a), 2 og 4;  
gr. 14b.1, 2 og 4; gr. 14c (a); gr. 14e; 17. gr.  
Reglugerð (EBE) nr. 574/72: gr. 11.1; gr. 11a.1; gr. 12a.2(a), 5.(c) og 7(a); gr. 12b

1.	<input type="checkbox"/> Launþegi	<input type="checkbox"/> Sjálfstætt starfandi einstaklingur	
1.1.	Kenninafn <sup>(2)</sup> .....		
1.2.	Eiginnafn/-nöfn	Fyrri nöfn <sup>(2)</sup> .....	
1.3.	Fæðingardagur og -ár <sup>(3)</sup>	Ríkisfang	DNI <sup>(4)</sup> .....
1.4.	Fast heimilisfang		
	Gata .....	Nr. ....	Pósthólf .....
	Bær .....	Póstnúmer .....	Land .....
1.5.	Númer tryggingar <sup>(5)</sup> .....		

2.	<input type="checkbox"/> Vinnuveitandi	<input type="checkbox"/> Starfar sjálfstætt	
2.1.	Nafn vinnuveitanda eða fyrirtækis .....		
2.2.	Kennitala <sup>(6)</sup> .....		
2.3.	Vinnuveitandi er ráðningarskrifstofa	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
2.4.	Póstfang		
	Símanúmer .....	Bréfsímanr. ....	Tölvupóstfang .....
	Gata .....	Nr. ....	Pósthólf .....
	Bær .....	Póstnúmer .....	Land .....

3. Framangreindur tryggður einstaklingur

3.1.  hefur starfað hjá framangreindum vinnuveitanda frá .....

hefur starfað sem sjálfstætt starfandi einstaklingur frá .....

í .....

3.2.  verður sendur til starfa eða mun starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingur og er líklegur starfstími frá ..... til .....

3.3.  hjá neðangreindu fyrirtæki/fyrirtækjum  á neðangreindu skipi

3.4.	Heiti fyrirtækis eða skips .....		
3.5.	Póstfang/póstföng		
	Gata .....	Nr. ....	Pósthólf .....
	Bær .....	Póstnúmer .....	Land .....
	Gata .....	Nr. ....	Pósthólf .....
	Bær .....	Póstnúmer .....	Land .....
3.6.	Kennitala <sup>(6)</sup> .....		

4. Hver greiðir laun útsends launþega? Hver greiðir almannatryggingaiðgjöld útsends launþega?

4.1. Vinnuveitandinn sem um getur í lið 2

4.2. Fyrirtækið sem um getur í lið 3.4

4.3. Annar  ef svo er þarf eftirfarandi að koma fram

Nafn .....

Póstfang:

Gata ..... Nr. .... Pósthólf .....

Bær ..... Póstnúmer ..... Land .....

5. Hinn tryggði heyrir áfram undir löggjöf í landinu  (1)

5.1. í samræmi við grein

13.2.d

14.1.a

14.2.a

14.2.b

14a.1(a)

14a.2

14a.4

14b.1

14b.2

14b.4

14c(a)

14e

17

reglugerðar (EBE) nr. 1408/71

5.2.  frá ..... til .....

5.3.  út starfstímann (sjá bréf frá lögþæru yfirvaldi eða tilnefndum aðila í starfslandi sem veitir hinum tryggða rétt til að heyra áfram undir löggjöf ríkisins þaðan sem hann er sendur

af ..... tilvísun .....

6. Þar til bær stofnun með gildandi löggjöf

6.1. Heiti ..... Kenninúmer (7) .....

6.2. Póstfang

Símanúmer .....

Bréfsímanr. ....

Tölvupóstfang .....

Gata .....

Nr. ....

Pósthólf .....

Bær .....

Póstnúmer .....

Land .....

6.3. Stimpill

6.4. Dagsetning

6.5. Undirskrift

## LEIÐBEININGAR

**Eyðublaðið skal fylla út með prentstöfum og aðeins rita á punktalínurnar. Eyðublaðið er 4 síður og má ekki skilja neina þeirra undan, jafnvel þótt þar séu ekki neinar upplýsingar sem skipta máli.**

Tilnefnd stofnun aðildarríkis, sem launþegi/sjálftætt starfandi einstaklingur heyrir undir löggjöf hjá, skal fylla eyðublaðið út að beiðni launþegans/hins sjálftætt starfandi einstaklings eða vinnuveitanda og endursenda það viðkomandi einstaklingi. Ef launþeginn/sjálftætt starfandi einstaklingur hefur verið sendur til starfa í Belgíu, Hollandi, Finnlandi, Svíþjóð eða á Íslandi skal stofnunin einnig senda eintak: í Belgíu, til „Office national de sécurité sociale/Rijksdienst voor Sociale Zekerheid“ (almannatryggingaskrifstofunnar), Brussel, ef um er að ræða launþega; „Institut national d'assurances sociales pour travailleurs indépendants/Rijksinstituut voor de Sociale Verzekering der Zelfstandigen“ (almannatryggingastofnunar fyrir sjálftætt starfandi einstaklinga), Brussel, ef um er að ræða sjálftætt starfandi einstaklinga; „Caisse de Secours et de Prévoyance en faveur des marins/Hulp- en Voorzorgskas voor Zeevarenden“ (aðstoðar- og framfærslusjóðs sjómanna), Antwerpen, ef um er að ræða sjómenn; „Service des Relations internationales du Ministère des Affaires sociales/Dienst Internationale Betrekingen van het Ministerie van Sociale Zaken“ (alþjóðadeild félagsmálaráðuneytis), ef um er að ræða opnbera starfsmenn; í Hollandi, til Sociale Verzekeringsbank (almannatryggingabankans), Amstelveen; í Finnlandi, til „Eläketurvakeskus“ (almennu viðbótarlífeyristryggingastofnunarinnar), Helsinki; í Svíþjóð, til „Riksförsäkringsverket“ (almannatryggingaráðs ríkisins), Stokkhólmi; á Íslandi til Tryggingastofnunar ríkisins, Reykjavík.

#### Upplýsingar fyrir hinn tryggða

Áður en hinn tryggði fer frá því landi þar sem hann er tryggður til starfa í öðru aðildarríki skal hann óska eftir að fá eyðublað E 128 eða E 106, eftir því sem við á, hjá stofnun sem sér um tryggingar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar fyrir hann. Ef hinn tryggði eða aðstandandi hans þarfnast aðstoðar (t.d. lækni meðferðar, lyfja, meðferðar á sjúkrahúsi o.s.frv.) í starfslandinu skal hann fylgja leiðbeiningum á viðkomandi eyðublaði. Eyðublað E 106 skal afhenda stofnun sem sér um tryggingar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar á starfsstað eins fljótt og unnt er. Eyðublað E 128 skal viðkomandi geyma uns hann þarf á lækni meðferð að halda. Ef hinn tryggði hefur eyðublaðið ekki undir höndum skal síðarnefnda stofnunin biðja stofnun, sem hann er tryggður hjá, um það.

#### Upplýsingar fyrir vinnuveitendur

Aðildarríki, sem fær beiðni um að beita 14. gr. (1. mgr.), 14. gr. b. (1. mgr.) eða 17. gr. í reglugerð (EBE) nr. 1408/71, skal upplýsa vinnuveitanda og viðkomandi launþega eða sjálftætt starfandi einstakling, svo sem vera ber, með hvaða skilmálum útsendur starfsmaður getur haldið áfram að heyra undir löggjöf þess.

Greina skal vinnuveitanda frá því að hugsanlega verði gerðar athuganir af og til á útsendingartímabilinu til að ganga úr skugga um að þessu tímabili sé ekki lokið. Athuganir af þessu tagi geta meðal annars miðað að því að fylgjast með iðgjaldagreiðslum og hvort bein tengsl haldist. Enn fremur skal vinnuveitandi útsends starfsmanns veita þar til bærrí stofnun í sendiríki upplýsingar um hverja þá breytingu sem verður á útsendingartímabilinu, einkum ef

- útsending sem sótt var um hefur ekki komið til framkvæmda eða framlenging á útsendingartíma ekki komið til framkvæmda,
- hlé er gert á útsendingartíma, nema því aðeins að hlé á störfum starfsmanns fyrir fyrirtæki í starfsríki sé aðeins til bráðabirgða,
- vinnuveitandi hefur sent útsendan starfsmann til annars fyrirtækis í starfsríkinu.

Í fyrri tilvikunum tveimur skal hann/hún senda þetta eyðublað til baka til lögbærrar stofnunar í sendiríkinu.

#### Upplýsingar fyrir stofnun á dvalarstað

Ef viðkomandi einstaklingur leggur fram rétt vottorð (E 128 eða E 106) skal tryggingastofnun í dvalarlandi einnig veita honum bætur til bráðabirgða vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms. Ef stofnunin krefst í því tilviki vottorðs E 123 skal hún snúa sér eins og fljótt og unnt er til:

í **Belgíu**, fyrir launþega, „Fonds des maladies professionnelles/Fonds voor Beroepsziekten“ (atvinnusjúkdómasjóðs), Brussel, ef um atvinnusjúkdóm er að ræða, eða tryggingafyrirtækis sem vinnuveitandi tilnefnir, ef um er að ræða vinnuslyss,

í **Danmörku**, „Arbejdsskadestyrelsen“ (vinnuslysa- og atvinnusjúkdómaráðsins), Kaupmannahöfn,

í **Þýskalandi**, „Berufsgenossenschaft“ (þar til bærrar vinnuslysatryggingastofnunar),

á **Spáni**, „Dirección Provincial del Instituto Nacional de Seguridad Social“ (héraðsskrifstofu almannatryggingastofnunarinnar),

á **Írlandi**, „Department of Health and Children, Planning Unit“ (skipulagsdeildar ráðuneytis heilbrigðismála og málefna barna), Hawkins House, Dublin 2,

á **Ítalíu**, þar til bærrar héraðsskrifstofu „Istituto nazionale per l'assicurazione contro gli infortuni sul lavoro“ (INAIL, vinnuslysatryggingastofnunar ríkisins),

í **Lúxemborg**, „Association d'assurance contre les accidents“ (slysatryggingasambandsins),

í **Hollandi**, „Sociale Verzekeringsbank“ (almannatryggingabankans), Amstelveen,

í **Austurríki**, þar til bærrar slysatryggingastofnunar,

í **Portúgal**, „Centro Nacional de Proecção contra os Riscos Profissionais“ (atvinnusjúkdómatryggingasjóðs ríkisins), Lissabon,

í **Finnlandi**, „Tataturmavakuutuslaitosten Liitto“ (samtaka slysatryggingastofnana), Bulevardi 28, 00120 Helsinki,

í **Svíþjóð**, „Försäkringskassan“ (almannatryggingaskrifstofu),

í **öllum öðrum aðildarríkjum**, til þar til bærrar sjúkratryggingastofnunar,

á **Íslandi**, „Tryggingastofnunar ríkisins“ Reykjavík,

í **Liechtenstein**, „Amt für Volkswirtschaft“ (Þjóðhagsstofnunar) í Vaduz,

í **Noregi**, „Folketrygdkontoret for Utenlandssaker“ (almannatryggingaskrifstofu vegna utanlandsmálefna), Osló.

Ef viðkomandi einstaklingur fellur undir franskt almannatryggingakerfi skal sjóðurinn, sem er til þess bær að viðurkenna bótarétt hans, vera tryggingasjóður hans en hann þarf ekki að vera einn þeirra sjóða sem er tíundaður á eyðublaði E 101. Beiðni um eyðublað E 128 eða E 123, eftir því sem við á, skal beint til sjóðs á búsetustað viðkomandi launþega/sjálftætt starfandi einstaklings.

Falli sjálftætt starfandi einstaklingur undir almannatryggingakerfi í Finnlandi eða á Íslandi er eyðublaðs E 123 ætíð krafist.

Verði launþegi eða sjálftætt starfandi einstaklingur, sem heyrir undir almannatryggingakerfi á Íslandi, fyrir vinnuslysi eða fái hann atvinnusjúkdóm skal vinnuveitandi hans ætíð tilkynna það þar til bærrí stofnun á viðeigandi hátt.

## ATHUGASEMDIR

- (\*) EES – Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi: Vegna þess sammings gildir eyðublað þetta einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.
- (<sup>1</sup>) Tákn fyrir landið sem launþegi/sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrir undir löggjöf hjá: B = Belgía°, DK = Danmörk, D = Þýskaland, GR = Grikkland, E = Spánn, F = Frakkland, IRL = Írland, I = Ítalía, L = Lúxemborg, NL = Holland, A = Austurríki, P = Portúgal, FIN = Finnland, S = Svíþjóð, GB = Breska konungsríkið, IS = Ísland, FL = Liechtenstein, N = Noregur.
- (<sup>2</sup>) Þegar spænskur ríkisborgari á í hlut skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu.  
Þegar portúgalskur ríkisborgari á í hlut skal rita öll nöfnin (eiginnafrn/-nöfn, kenninafn, meyjarnafn) í sömu röð samkvæmt borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.
- (<sup>3</sup>) Nota skal tvo tölustafi fyrir dag, tvo fyrir mánuð og fjóra fyrir ártal (dæmi: 1. ágúst 1921 = 01.08.1921).
- (<sup>4</sup>) Þegar spænskur ríkisborgari á í hlut skal rita númer á innlendu kennivottorði (DNI-númer), ef það er fyrir hendi, jafnvel þótt það sé fallið úr gildi. Að öðrum kosti skal rita „ekkert“.
- (<sup>5</sup>) Tilgreina skal almannatrygginganúmer ríkisins (NISS) fyrir starfsmenn sem falla undir belgíska löggjöf.  
Tilgreina skal CPR-númer fyrir starfsmenn sem falla undir danska löggjöf.  
Tilgreina skal SOFI-númer fyrir starfsmenn sem falla undir hollenska löggjöf.
- (<sup>6</sup>) Gefa skal eins ítarlegar upplýsingar og kostur er sem nota má til að bera kennsl á vinnuveitanda eða fyrirtæki sjálfstætt starfandi einstaklings: Ef um ræðir skip skal tilgreina nafn og skráningarnúmer skipsins.  
Tilgreina skal ONSS/RSZ-skráningarnúmer vinnuveitanda ef um ræðir launþega og TVA/BTW-númer ef um ræðir sjálfstætt starfandi einstaklinga, fyrir Belgíu.  
Tilgreina skal SE-númer fyrir Danmörku.  
Tilgreina skal „Betriebsnummer des Arbeitgebers“ fyrir Þýskaland.  
Tilgreina skal SIRET-númer fyrir Frakkland.  
Tilgreina skal „Código de Cuenta De Cotización Del Empresario CCC“ (númer iðgjaldareiknings vinnuveitanda) fyrir Spán.  
Tilgreina skal nafn þar til bærrar slysatryggingastofnunar fyrir starfsmenn sem falla undir vinnuslysälöggjöf í Finnlandi. Tilgreina skal númer fyrirtækis fyrir Noreg.
- (<sup>7</sup>) Fyllist út ef það er til.